

Stjórnarfundur Bergrisans 26. ágúst 2019

Fundur hófst klukkan 12:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Einnig starfsmennirnir Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir og Ragnheiður Hergeirsdóttir. Gestir fundarins eru Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur og Helga María Pálsdóttir bæjarritari Árborgar.

Dagskrá

Sólheimasamningur og sameiginleg yfirlýsing

Steinunn fer yfir greiðsluákvæði samningsins og yfirlýsingu ráðuneytisins og Bergrisans um sameiginlegan skilning á útreikningum. Stjórn Bergrisans samþykkir samninginn og yfirlýsinguna og felur formanni að undirrita fyrir sína hönd.

Úrskurður kærunefndar velferðarmála frá 16. júlí 2019

Stjórn Bergrisans hafnar endurupptöku málsins. Er það mat stjórnar Bergrisans að erindi aðila um endurupptöku hafi ekki lotið að því að við töku ákvörðunar hafi legið fyrir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og þannig hafi Bergrisanum ekki borið að taka málið upp á nýju á grundvelli 1. mgr. 24. gr. ssl. Formanni falið að svara aðilum máls fyrir hönd stjórnar í samræmi við umræður fundarins.

Vallholt 27 – til kynningar, bygging skjólgirðingar

Málið kynnt stjórn.

Þjónustu-/íbúðakjarni Selfossi – staða mála

Formaður upplýsir stjórn um stöðu á undirbúningsvinnu byggingarnefndar vegna þjónustu-/íbúðakjarna á Selfossi sem unnin hefur verið með Eiríki Steini Búasyni hjá Verkís. Byggingarnefnd sendir tillögur sínar og fundargerðir til stjórnar Bergrisans til upplýsinga um framgang málsins.

Skaftholt

Stjórn Bergrisans samþykkir að greitt verði fyrir næturvakt í Skaftholti frá 1. júlí 2019. Formaður hefur óskað eftir fundi með ráðuneytinu vegna áframhaldandi samnings um rekstur Skaftholts.

Stefnt er að aðalfundi Bergrisans 23. október nk.

Fundi slitið kl. 14:20